

Alþingi
Erindi nr. P 138/1157
komudagur 8.3.2010

Nefndasvið Alþingis,
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd,
Kirkjustræti
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Hafnarfjörður, 08.03.2010

Vísað er til bréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem Fiskistofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (pskj. 652 - 359. mál).

Fiskistofa þakkar fyrir að fá ofangreint lagafrumvarp sent til umsagnar.

Með frumvarpinu sýnist að því stefnt að veita ráðherra heimildir til að setja reglur í því skyni að tryggja að veiðar sem fram fara í vísindalegum tilgangi nýtist sem best og taki eftir atvikum mið af reynslu og þekkingu sjómanna. Fiskistofa telur hugmyndina áhugaverða en telur jafnframt rétt að benda á að tilefni kunna að vera til að skoða og meta að hvaða leyti ákvæði frumvarpsins bætir eða skýrir þær heimildir sem ráðherra hefur að þessu leyti samkvæmt gildandi lögum, sbr. 16. gr. laga nr. 116/2006 og 13. gr., sbr. 1. ml. 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Þá má einnig benda á að vera kann að umrætt frumvarpsákvæði eigi betur heima á undan lokamálslið 1. mgr. 3. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, en sem lokamálsliður greinarinnar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Árni Múli Jónasson,
fiskistofustjóri